

FUNDAGERÐ SKIPULAGS- OG BYGGINGARNEFNDAR

Miðvikudaginn 13. maí 2009, kl. 17⁰⁰, var fundur haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Skagastrandar. Á fundinn voru mættir: Vilhelm Harðarson, Magnús B. Jónsson, Björn Hallbjörnsson, Svenny Hallbjörnsdóttir, Hafsteinn Pálsson, slökkviliðsstjóri og Bragi Þór Haraldsson, byggingarfulltrúi.

Formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Aðalskipulag, staða verkefnis.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir hvernig verkefnið stæði. Aðalskipulagið sé nú í vinnslu hjá ráðgjafa og reikna megi með að áætlanir standist nokkuð um að nýtt aðalskipulag geti tekið gildi á fyrri hluta árs 2010. Vinna við staðardagskrá 21 hafi gengið ágætlega og tilraunaverkefni um að samþætta staðardagskráráætlun við aðalskipulagsáætlun virðist vera á mjög góðri leið. Gert er ráð fyrir að skráning fornleifa í sveitarfélaginu muni hefjast í júní og ljúka á 2-3 mánuðum.

Fram kom að með staðfestingu nýrra aðalskipulagstillagna í öllum sveitarfélögum í A-Hún eins og stefnt sé að á næstu 12 mánuðum muni gildandi svæðisskipulag vera fellt úr gildi. Ný nefnd um svæðisskipulag hafi verið skipuð af sveitarstjórnnum og muni hún annast frágang gagnvart svæðisskipulagi.

2. Árnes lóðamörk.

Fyrir fundinum lá erindi sveitarstjóra sem óskar samþykkis á lóðamörkum Árness skv. meðfylgjandi uppdrætti.

Lóðamörkin voru staðfest af byggingarnefnd.

3. Hólabraut 1 - teikningar

Fyrir fundinum lágu teikningar skv. bókun síðasta fundar.

Ekki voru gerðar athugasemdir við fyrirliggjandi gögn.

4. Bogabraut 14, utanhússklæðning

Jón Ólafur Sigurjónsson og Huguína Sif Hallgrímsdóttir sækja um leyfi til að klæða húsið Bogabraut 14 utan með sléttri steniklæðningu og viðarklæðningu. Fyrirhugað er að setja gráa steniklæðningu á alla fleti nema í dyraskoti við útihurð og í innfellningar við glugga og hurðir. Samþykkt að veita heimild til klæðningarinnar með því skilyrði að leitast verði við að varðveita form hússins og afmörkun þeirra flata sem móta útlit þess.

5. Fellsbraut 6, breyting á gluggum.

Vilhelm Harðarson sækir um heimild til að breyta útliti á gluggum á húseigninni Fellsbraut 6 samkvæmt meðfylgjandi teikningum. Með breytingunni verður útlit glugga í húsinu samræmt í útliti. Vilhelm lýsti vanhæfi sínu til að fjalla um málið og vék af fundi. Erindið var samþykkt.

6. Sunnuvegur 8, tengibygging ofl.

Fyrir fundinum lá erindi Ragnars Högnasonar og Kristínar Leifsdóttur sem sækja um eftirfarandi heimildir vegna breytinga á húseigninni Sunnuvegi 8:

- Að byggja geymslu og gang sunnan við bílskúr sem jafnframt tengir saman íbúðarhús og bílskúr. Byggingarefni, timburgrind klædd með panilklaðningu. Á suðurhlíð verður gluggi 100 x 110 cm og gönguhurð. Þakhalli tengibyggingar er sami og rishalli

á íbúðarhúsi. Erindið samþykkt en gert að skilyrði að skilað verði inn byggingarnefndarteikningum og skráningartöflu.

- Að byggja 180 cm skjólvegg úr timbri um verönd vestan við húsið. Erindið samþykkt.
- Að setja glugga á norðurhlið bílskúrs 100 x 110 cm. Erindinu hafnað á forsendum greinar 75.2 í byggingarreglugerð þar sem bílskúr er of nærri lóðamörkum. Byggingarnefnd samþykkti að heimila glugga á vesturhlið bílskúrsins.

7. Hafnarlóð 9, rif á síldarþró.

Fyrir fundinum lá erindi FISK-Seafood um leyfi til að brjóta niður og fjarlægja hráefnisþrær sem eru áfastar SR-frystiklefa fyrirtækisins. Einnig lá fyrir fundinum minnisblað sveitarstjóra sem fjallar um á hvaða forsendum mannvirkið yrði rífið ef það verði heimilað.

Byggingarnefnd samþykkti erindið samhljóða.

8. Melstaðartún,

Gréta Jónsdóttir sendir erindi og óskar eftir heimild til að setja upp smáhýsi á Melstaðartúni. Erindið er framhald af fyrra erindi sem ritað var 10. maí 2006. Samþykkt að veita stöðuleyfi fyrir húsin á Melstaðartúni til 1. júní 2010. Heimild til lóðasamnings um húsin á svæðinu er háð formlegri afgreiðsla aðalskipulags og deiliskipulags.

9. Önnur mál.

Ekki voru tekin fyrir mál undir dagskrárliðnum.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl 19.³⁰

Vilhelm Harðarson,

Björn Hallbjörnsson,

Hafsteinn Pálsson, slökkviliðsstjóri

Magnús B. Jónsson,

Svenny Hallbjörnsdóttir,

Bragi Þór Haraldsson, byggingarfulltrúi.